



Akureyri 3. júní 2010

Umsögn stjórnar læknaráðs FSA, að beiðni framkvæmdastjórnar FSA, um þingsályktunartillögur vegna

X bólusetningar við HPV

bólusetningar við pneumokokkum og um

fræðsluáttak vegna legslímuflakks og göngudeild fyrir konur með legslímuflakk

**Þskj. 875 — 498. mál. og Þskj. 805 — 465. mál.**

Árangur og öryggi bólusetninga við pneumokokkum og HPV hefur verið metinn og slíkar bólusetningar eru tvímælaust gagnlegar heilsu manna. Vandaðar greiningar hafa verið gerðar á Íslandi og erlendis. Jákvæð reynsla er af almennri bólusetningu gegn pneumokokkum í mörgum löndum og vænta má að kostnaður við þær vinnist upp með færri tilvikum fatlana eftir heilahimnubólgu, færri sjúkrahúslegum vegna lungnabólgu, heilahimnubólgu og eyrnabólgu, minni sýklalyfjanotkun og ónæmisvandamála og færri röraaðgerða vegna eyrnasýkinga. Það mun taka mun lengri tíma að fá reynslu og ágóða af HPV bólusetningu, en hafa ber í huga að farsælla er að fyrirbyggja illkynja sjúkdóma en að meðhöndla þá. Læknaráð FSA styður eindregið að bólusetningar við pneumokokkum og HPV verði hafnar hérlendis.

**Þskj. 930 — 540. mál.**

Varðandi fræðsluáttak um og göngudeild vegna legslímuflakks hefur læknaráð FSA ekki haft nægan tíma eða tækifæri til að skoða málið til hlítar, enda stuttur umsagnarfrestur frá heilbrigðisnefnd, tafir við áframsendingu fyrirspurnar og sumarleyfistími. Almenn hlýtur það að vera í verkahring faghópa og forstöðumanna stofnana að skipuleggja sína göngudeildarstarfsemi. Vissulega má bæta meðferðarúrræði vegna legslímuflakks og heilðræn meðferðarúrræði skortir. Það sama gildir um fjölmarga langvinna sjúkdóma – má nefna til dæmis heilalömun og aðrar langvinnar fatlanir, offitu barna, brjóstakrabbamein, stómasjúklingar, vefjagigt, ristilertingsheilkenni, bakverki og aðra verkjasjúkdóma. Fjármögnun í heilbrigðiskerfinu verður almennt að taka mið af því að byggja upp þverfaglegt kunnáttumikið, sérhæft og samhæft göngudeildarstarf. Læknaráð FSA telur hæpið að heilbrigðisráðherra, heilbrigðisnefnd eða Alþingi sé hæfast til að velja hvaða sjúkdómaflokkur skuli njóta forgangs. Fjársvelti stofnana setur allri fræðslustarfsemi miklar skorður. Aukin fjármögnun til fræðslumála og göngudeildarstarfsemi væri vel þegin, en fagfólk verður að sjá um forgangsroðun.

Fyrir hönd stjórnar læknaráðs FSA

Gróa Björk Jóhannesdóttir  
Formaður læknaráðs

2010028-0806/BR